



Byggingatrygging

Vátryggingarskilmálar nr. GF50

Um vátrygginguna gilda:

- Vátryggingarskírteinið ásamt áritunum og sérskilmálum.
- Skilmálar þessir nr. GF50.
- Sameiginlegir skilmálar félagsins nr. YY10.
- Lög um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

Ákvæði í vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun ganga framur ákvæðum í skilmálum. Ákvæði í vátryggingarskírteini, endurnýjunarkvittun og skilmálum ganga framur frávikjanlegum lagaákvæðum.

Efnisyfirlit:

A. Almennir skilmálar

1. Sérstakar takmarkanir á bótaskyldu
2. Brot á varúðarreglum
3. Greiðsla iðgjalds
4. Endurgreiðsla iðgjalds
5. Eigendaskipti

B. Hús í smíðum

6. Vátryggðir hagsmunir
7. Vátryggður og meðvátryggðir
8. Bótasvið
9. Samsömun
10. Vátryggingarfjárhæð
11. Eigin áhætta
12. Ákvörðun bóta
13. Tvítrygging
14. Fyrning

C. Ábyrgðartrygging húseiganda

15. Vátryggður
16. Ábyrgðartími
17. Bótasvið
18. Varúðarreglur
19. Vátryggingarfjárhæð
20. Eigin áhætta
21. Ákvörðun bóta fyrir líkamstjón
22. Ákvörðun bóta fyrir munatjón
23. Staða tjónþola við tjón
24. Meðferð bótakrafna
25. Fyrning

D. Slysathrygging

26. Vátryggður og meðvátryggðir
27. Vátryggingin gildir
28. Hugtakið slys
29. Bótasvið
30. Vátryggingarfjárhæð
31. Ákvörðun bóta
32. Greiðsla iðgjalds
33. Endurgreiðsla iðgjalds
34. Fyrning

A. Almennir skilmálar

Almennir skilmálar gilda um B og C kafla skilmála þessara.

1. Sérstakar takmarkanir á bótaskyldu

Vátryggingin bætir ekki tjón eða aukningu á tjóni sem beint eða óbeint hlýst af eða er af völdum:

- 1.1 Jarðskjálfta, eldgoss, skriðufalls, snjóflóðs eða annarra náttúruhamfara.
- 1.2 Styrjaldar, innrásar, hernaðaraðgerða, borgarrósta, uppreisnar, uppþots, verkfalls eða svipaðra aðgerða.
- 1.3 Kjarnabreytingar, jónandi geislunar, mengunar af geislavirkum efnum, kjarnaeldsneytis eða kjarnaúrgangsefnis.

2. Brot á varúðarreglum

Skylt er að fara eftir varúðarreglum í skilmálum þessum. Sé varúðarreglum ekki fylgt getur ábyrgð félagsins fallið niður í heild eða að hluta, sbr. 26. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

3. Greiðsla iðgjalds

- 3.1 Iðgjald fyrir vátrygginguna fellur í gjalddaga þegar greiðsla þess er krafist.
- 3.2 Vanskil á greiðslu iðgjalds geta valdið réttindamissi og niðurfellingu vátryggingarsamnings, sbr. 33. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

4. Endurgreiðsla iðgjalds

Falli vátryggingarsamningur úr gildi áður en vátryggingartímabili lýkur endurgreiðir félagið iðgjald í hlutfalli við þann tíma sem vátryggður hefur greitt fyrir og vátryggingin er ekki í gildi. Þetta gildir þó ekki ef vátryggingarsamningur hefur fallið úr gildi vegna þess að félagið hefur fullnægt skyldum sínum með því að greiða vátryggingarfjárhæð að fullu vegna bótaskylds tjóns á húseigninni.

5. Eigendaskipti

Ef eigendaskipti verða að vátryggðri húseign fellur vátryggingin úr gildi þegar eigendaskipti hafa átt sér stað. Félagið er þrátt fyrir þetta



ábyrgt ef vátryggingaratburður verður innan 14 daga frá eigendaskiptum ef hinn nýi aðili hefur ekki sjálfur tekið vátryggingu.

B. Hús í smíðum

6. Vátryggðir hagsmunir

Vátryggingin tekur til þeirrar húseignar eða húseignarluta sem tilgreind er í vátryggingar-skírteini eða endurnýjunarkvittun og er í smíðum. Vátryggingin bætir jafnframt tjón á verkfærum, vinnupöllum og vinnuskúrum á byggingarstað enda séu þessir hlutir í eigu eða umsjá vátryggðs, þó ekki hluti í eigu verktaka eða meistara byggingarinnar, starfsmanna þeirra eða verkfæra- og tækjaleiga.

7. Vátryggður og meðvátryggðir

7.1 Eigandi húss í smíðum sem ráðið hefur byggingastjóra til þess að hafa umsjón með byggingaframkvæmdum er vátryggður. Gert er ráð fyrir að byggingastjóri, iðnmeistarar og/eða verktakar sem annast byggingaframkvæmdir hafi í gildi viðeigandi vátryggingar vegna verktaka-starfseminnar og er því hvers konar ábyrgð á verktakastarfsemi undanskilin í vátryggingu þessari.

7.2 Réttthafar að þinglýstum eignarrétti, veðrétti eða öðrum þinglýstum tryggingarréttindum í húseigninni eru meðvátryggðir í skilningi laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

8. Bótasvið

8.1 Eldsvoði, elding og sprenging

Vátryggingin bætir tjón af völdum:

8.1.1 Eldsvoða. Það telst ekki eldsvoði þegar hlutir sviðna eða bráðna ef eldur er ekki laus.

8.1.2 Eldingar.

8.1.3 Sprengingar

Vátryggingin bætir ekki tjón vegna:

8.1.4 Skammhlaups, nema af því leiði eldsvoða eða það sé afleiðing eldsvoða.

8.1.5 Verklegra framkvæmda þegar unnið er með sprengiefni.

8.2 Sótfall

Vátryggingin bætir tjón af völdum:

Skyndilegs og óvænts sótfalls sem verður t.d. vegna sprengingar frá kynditækjum.

8.3 Vatn

Vátryggingin bætir tjón af völdum:

8.3.1 Skyndilegs og óvænts leka úr vatnsleiðslu, hitakerfi eða frárennislögnum hússins.

Vátryggingin bætir ekki:

8.3.2 Skemmdir á leiðslum eða kostnað við endur-lagningu þeirra.

8.3.3 Tjón af völdum utanaðkomandi vatns, svo sem úrkomu, flóða, snjóbráðar eða vatns sem þrýstist upp úr skolp- eða frárennislögnum.

Varúðarreglur:

8.3.4 Vátryggður skal sjá til þess að lokað sé fyrir vatnsaðstreymi í óupphituðu húsi og vatnslagnir tæmdar þegar hætta er á frosti til að fyrirbyggja frostskemdir.

8.3.5 Vátryggður skal sjá til þess að niðurföll séu í lagi með því að hreinsa frá þeim til að fyrirbyggja söfnun yfirborðsvatns.

8.4 Hrun og sig

Vátryggingin bætir tjón af völdum hruns eða sigs enda eigi tjónsorsökina rót sína að rekja til skyndilegs og óvænts atviks.

8.5 Óveður

Vátryggingin bætir tjón af völdum óveðurs þegar vindhraði nær 28,5 metrum á sekúndu. Séu ekki fáanlegar viðurkenndar upplýsingar um vindhraða á tjónsstað er tjónið varð skal hafa til hliðsjónar við ákvörðun bótaskyldu hvort almennt eignatjón hafi orðið á svæðinu af völdum veðurs er vátryggingar-atburðurinn átti sér stað. Vatnsskemmdir á hinu vátryggða samfara óveðurstjóni eru einnig bættar.

8.6 Skemmdarverk, innbrot, þjófnaður

Vátryggingin bætir tjón af völdum:

8.6.1 Skemmdarverka, innbrots eða þjófnaðar á byggingarstað.

Varúðarreglur:

8.6.2 Vátryggður skal sjá til þess að vátryggðri húseign sé alltaf læst og öllum gluggum lokað og þeir kræktir aftur.



8.6.3 Vátryggður skal sjá til þess að verkfæri og áhöld séu geymd í læstri geymslu.

8.7 Gler

Vátryggingin bætir tjón af völdum:

8.7.1 Brots á venjulegu, sléttu og glæru rúðugleri, eingöngu þegar það brotnar eftir að það er ísett, inngreipt eða því er á annan hátt endanlega komið fyrir á þeim stað sem því var ætlað að vera á og svo lengi sem það er á sama stað.

Vátryggingin bætir ekki:

8.7.2 Tjón við ísetningu.

Vátryggingin bætir ekki:

8.7.3 Afleidd tjón af hvaða orsökum sem er.

8.7.4 Tjón sem stafa af því að rangt eða gallað efni er notað.

8.7.5 Tjón sem stafa af rangri og/eða ófullkominni hönnun og/eða útreikningum.

8.7.6 Tjón af völdum skráningarskyldra ökutækja.

9. Samsömun

Við ákvörðun bótaábyrgðar áskilur félagið sér rétt til að bera fyrir sig háttsemi maka vátryggðs og manns sem hann býr með í föstu varanlegu sambandi, sbr. 29. gr. laga um vátryggingar-samninga nr. 30/2004.

10. Vátryggingarfjárhæð

10.1 Vátryggingarfjárhæð kemur fram í vátryggingarskírteini eða endurnýjunar-kvittun.

10.2 Vátryggingarfjárhæð breytist samkvæmt bygginga-vísitölu.

11. Eigin áhætta

11.1 Af hverju tjóni ber vátryggður sjálfur eigin áhættu sem tiltekin er í vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.

11.2 Fjárhæð eigin áhættu breytist samkvæmt byggingarvísitölu.

12. Ákvörðun bóta

12.1 Bætur skulu miðaðar við verðmæti á tjónsdegi. Félaginu er heimilt að draga frá bótum verðryrnun vegna aldurs, notkunar og

annarra atriða sem geta haft áhrif á verðmæti þess sem skemmdist.

12.2 Félagið getur annað hvort greitt áætlaðan viðgerðarkostnað eða látið gera við skemmdir og greitt viðgerðarkostnað, ef unnt er að gera við skemmdir vegna tjóns þannig að ástand hins vátryggða verði svipað og fyrir tjón og það borgar sig að mati félagsins.

12.3 Félagið getur greitt bætur í peningum eða útvegað sambærilegan hlut og varð fyrir tjóninu, ef einstakur hlutur sem vátryggður er skemmist það mikið að ekki er unnt að gera við hann eða það borgar sig ekki að mati félagsins. Hafi félagið greitt bætur samkvæmt þessari grein áskilur það sér rétt til að gera tilkall til hlutarins sem skemmdist.

12.4 Skemmist húseign eða vátryggt lausafé það mikið að ekki er unnt að gera við það eða það borgar sig ekki að mati félagsins, getur félagið greitt bætur í peningum sem nema andvirði hins vátryggða að frádregnu því verðmæti sem eftir standur.

12.5 Vátryggður skal ekki hagnast á vátryggingaratburði. Vátryggingin skal einungis bæta raunverulegt tjón vátryggðs.

13. Tvítrygging

13.1 Ef sama tjón fellur undir fleiri en eina vátryggingu getur vátryggður valið hvaða vátryggingu hann vill nota þar til hann hefur fengið þær bætur sem hann á kröfu til.

13.2 Ef fleiri en eitt vátryggingarfélag bera ábyrgð á tjóni samkvæmt gr. 13.1 skulu þau, sé ekki um annað samið, greiða bætur hlutfallslega eftir ábyrgð hvers þeirra um sig á tjóninu.

14. Fyrning

Krafa um bætur fyrnist á 4 árum. Fresturinn hefst við lok þess almanaksárs er vátryggður fékk nauðsynlegar upplýsingar um þau atvik sem eru grundvöllur kröfu hans. Krafan fyrnist þó í síðasta lagi á 10 árum frá lokum þess almanaksárs er vátryggingaratburður varð.

C. Ábyrgðartrygging húseiganda

Inngangur

Samkvæmt íslenskum lögum bera menn skaðabótaábyrgð á tjóni sem þeir valda öðrum með saknæmum og ólögætum hætti. Þessi regla er nefnd sakarregla og er grundvallarregla í íslenskum rétti. Ef sá sem sóttur er til greiðslu skaðabóta á ekki sök á tjóninu ber hann almennt ekki skaðabótaábyrgð.



Hlutverk ábyrgðartryggingar er að greiða skaðabætur fyrir váttryggðan ef hann hefur bakað sér skaðabótaábyrgð, að því leyti sem tjónþoli á ekki að bera tjón sitt sjálfur vegna meðsakar eða meðábyrgðar, og einnig greiða kostnað sem váttryggður verður fyrir ef skaðabótakrafa er gerð á hendur honum.

Þar sem skaðabótaábyrgð er oft flókið lögfræðilegt úrlausnarefni ber váttryggðum að leita samráðs við félagið um réttarstöðu sína ef hann er krafinn skaðabóta vegna tjóns sem hann er talinn eiga sök á. Jafnframt er váttryggðum bent á að lesa skilmálana með þetta í huga.

Viðurkenning váttryggðs á skaðabótaskyldu skuldbindur aðeins hann sjálfan, en ekki félagið. Váttryggður getur því með slíkri viðurkenningu átt það á hættu að greiða sjálfur skaðabætur vegna tjóns sem ábyrgðartryggingin tekur ekki til.

15. Váttryggður

Eigandi húss í smíðum sem ráðið hefur byggingastjóra til þess að hafa umsjón með byggingaframkvæmdum er váttryggður. Gert er ráð fyrir að byggingastjóri, iðnmeistarar og/eða verktakar sem annast byggingaframkvæmdir hafi í gildi viðeigandi váttryggingar vegna verktaka-starfseminnar og er því hvers konar ábyrgð á verktakastarfsemi undanskilin í váttryggingu þessari.

16. Ábyrgðartími

- 16.1 Váttryggingin nær til váttryggingartímabilinu sem verður á váttryggingartímabilinu.
- 16.2 Komi afleiðingar atviks sem tjón hefur hlotist af og gerst hefur á váttryggingartímabilinu ekki í ljós fyrr en váttryggingin er fallin úr gildi greiðir félagið samt sem áður bætur.

17. Bótasvið

Váttryggingin bætir:

- 17.1 Beint líkams- eða munatjón þriðja manns vegna skaðabótaábyrgðar váttryggðs er fellur á hann samkvæmt íslenskum lögum sem eiganda húseignar eða húseignarluta í smíðum og tilgreindur er í váttryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.
- 17.2 Beint líkams- eða munatjón þriðja manns vegna skaðabótaábyrgðar váttryggðs sem fellur á hann samkvæmt íslenskum lögum sökum vinnuframlags hans sjálfs og fjölskyldu hans við smíði hússins, svo og annarra sem á

vegum váttryggðs kunna að leggja fram vinnu við byggingu hússins, enda séu þeir ekki verktakar við bygginguna eða starfsmenn þeirra.

Með munum er átt við fasteign og lausafé, þ.m.t. dýr. Váttryggingin bætir tjón að því leyti sem tjónþoli á ekki að bera tjónið sjálfur vegna meðsakar eða meðábyrgðar.

Váttryggingin bætir ekki:

- 17.3 Sektor né heldur málskostnað í sambandi við refsímál.
- 17.4 Tjón sem hinir váttryggðu valda hverjir öðrum, þ.e. váttryggingartaki og fjölskylda hans, enda hafi þessir aðilar sameiginlegt lögheimili, og aðrir þeir sem kunna að leggja fram vinnu við byggingu hússins, enda séu þeir ekki verktakar við bygginguna né starfsmenn verktaka, byggingastjóra eða iðnmeistarara.
- 17.5 Tjón á eignum sem stafar af eldsvoða, reyk, sóti eða sprengingu.
- 17.6 Tjón á munum sem eru í eigu váttryggðs eða fjölskyldu hans, eða hafa verið fengnir þeim til afnota, umráða eða vörslu. Ekki bætist heldur tjón á munum sem váttryggður hefur selt en ekki afhent.

18. Varúðarreglur

Váttryggðum ber að fara í einu og öllu eftir þeim lögum og reglum sem gilda á hverjum tíma um framleiðslu, afhendingu, flutning, geymslu eða varðveislu sprengiefna, eiturs eða annarra álíka hættulegra efna.

19. Váttryggingarfjárhæð

- 19.1 Ábyrgð félagsins takmarkast við váttryggingarfjárhæð sem tilgreind er í váttryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.
- 19.2 Váttryggingarfjárhæð breytist samkvæmt vísitölu neysliverðs án húsnæðis.

20. Eigin áhætta

- 20.1 Af hverju tjóni ber váttryggður sjálfur eigin áhættu sem tiltekin er í váttryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.
- 20.2 Nái höfuðstóll bótakröfu ekki lágmarki eigin áhættu greiðir félagið heldur ekki kostnað þótt krafan og kostnaðurinn verði samanlagt hærri en fjárhæð eigin áhættu.
- 20.3 Fjárhæð eigin áhættu breytist samkvæmt vísitölu neysliverðs án húsnæðis.



21. Ákvörðun bóta fyrir líkamstjón

Vátryggingin greiðir bætur fyrir líkamstjón þriðja manns á grundvelli skaðabótalaga nr. 50/1993.

22. Ákvörðun bóta fyrir munatjón

- 22.1 Bætur skulu miðaðar við verðmæti á tjónsdegi.
- 22.2 Félagið getur annað hvort greitt áætlaðan viðgerðarkostnað eða látið gera við það sem skemmdist og greitt viðgerðarkostnað, ef unnt er að gera við það sem skemmdist þannig að það verði í svipuðu ástandi og fyrir tjón og það borgar sig að mati félagsins.
- 22.3 Félagið getur greitt bætur í peningum eða útvegað sambærilegan hlut og varð fyrir tjóninu, ef ekki er unnt að gera við það sem skemmdist eða það borgar sig ekki að mati félagsins. Hafi félagið greitt bætur samkvæmt þessari grein áskilur það sér rétt til að gera tilkall til þess sem skemmdist.
- 22.4 Félagið hefur rétt til að greiða mismun á verðmæti þess sem skemmdist eins og það var fyrir vátryggingaratburð og verðmæti eftir vátryggingar-atburð.
- 22.5 Vátryggður skal ekki hagnast á vátryggingar-atburði. Vátryggingin skal einungis bæta raunverulegt tjón vátryggðs.

23. Staða tjónþola við tjón

- 23.1 Ef vátrygging tekur til tjóns vátryggðs vegna skaðabótaábyrgðar sem hann ber getur tjónþoli krafist bóta beint frá félaginu. Félaginu og vátryggðum er skylt að upplýsa tjónþola um ábyrgðartryggingu sé hún fyrir hendi.
- 23.2 Ef fram kemur krafa um bætur á hendur félaginu skal tilkynna það vátryggðum án ástæðulauss dráttar og veita honum upplýsingar um meðferð kröfunnar. Viðurkenning félagsins á atriðum sem lúta að ábyrgð er ekki bindandi fyrir vátryggðan.
- 23.3 Nú tilkynnir tjónþoli félaginu að hann hyggist höfða mál á hendur því og getur það þá krafist þess að hann beini málshöfðuninni einnig gegn vátryggðum. Skal félagið tilkynna tjónþola um þá kröfu sína án ástæðulausrar tafar og á sannanlegan hátt.
- 23.4 Um stöðu tjónþola að öðru leyti vísast til 44. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

24. Meðferð bótakrafna

- 24.1 Vátryggður má ekki viðurkenna bótaskyldu sína eða gera samninga um bætur án samþykkis félagsins.
- 24.2 Félagið kemur fram fyrir hönd hinna vátryggðu og ræður málsmeðferð allri og annast málsmeðferð fyrir dómstólum ef á reynir. Sama gildir um kröfur um laun fyrir björgun eða aðstoð.

25. Fyrning

Ábyrgð félagsins fyrnist samkvæmt reglum um fyrningu skaðabótaábyrgðar, sbr. 2. mgr. 52. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

D. Slysatrigging

26. Vátryggður og meðvátryggðir

- 26.1 Vátryggingartaki er vátryggður.
- 26.2 Meðvátryggðir eru fjölskylda vátryggingartaka sem hefur sama lögheimili á Íslandi og hann, sameiginlegt heimilishald og býr á sama stað svo og aðrir sem um stundarsakir vinna við bygginguna og eru ekki verktakar við bygginguna, byggingastjóri, iðnmeistarar eða starfsmenn þeirra.

27. Vátryggingin gildir

Vátryggingin gildir á byggingarstað, á beinni leið á milli heimilis og byggingarstaðar og við störf beinlínis tengd byggingarframkvæmdinni þótt þau séu utan byggingarstaðar.

28. Hugtakið slys

Með hugtakinu slys er átt við skyndilegan utanaðkomandi atburð sem veldur meiðslum á líkama þess sem vátryggður er og gerist án vilja hans.

29. Bótasvið

Félagið greiðir:

- 29.1 Bætur vegna slyss er vátryggður verður fyrir, ef það leiðir til:
- 29.1.1 Andláts.
- 29.1.2 Varanlegrar læknisfræðilegrar örorku.
- 29.1.3 Tímabundins missis starfsorku.



- 29.1.4 Tannbrots.
- 29.2 Félagið greiðir kostnað vegna nauðsynlegra læknisvottorða í tengslum við váttryggingaratburð þegar þeirra er aflað að beiðni félagsins.

Á 79. ári.....	55%
Á 80. ári.....	50%
Á 81. ári.....	45%
Á 82. ári.....	40%
Á 83. ári.....	30%
Á 84. ári.....	20%
Á 85. ári.....	10%

Félagið greiðir ekki bætur vegna slysa sem verða:

- 29.3 Í flugi, nema váttryggður sé farþegi í áætlunar- eða leiguflugi á vegum aðila sem hefur tilskilin leyfi hlutaðeigandi flugmálayfirvalda.

- 29.4 Í handalögmálum eða við þátttöku í refsiverðum verknaði.

- 29.4 Af völdum matar- eða drykkjareitrunar.

- 29.5 Af völdum sýkingar vegna skordýrabits eða stungu.

- 29.6 Beint eða óbeint vegna blindu, mikillar nær- eða fjarsýni, sjóndepru, heyrnardeyfðar, lómunar, bæklunar, geðveiki, flogaveiki, heilaáfalls, hjartaáfalls, sykursýki eða annarra alvarlegra sjúkdóma eða veiklunar.

- 29.7 Af völdum vélknúinna, skráningarskyldra ökutækja og leiðir til réttar váttryggðs til skaðabóta, hvort heldur er úr ábyrgðartryggingu eða slysatryggingu ökumanns og eiganda. Sama gildir eigi sá sem váttryggður er rétt til bóta samkvæmt reglum umferðarlaga um tjón af völdum óþekktara og óváttryggðra ökutækja.

- 29.8 Beint eða óbeint af völdum hryðjuverka vegna hvers konar líffræðilegra eða efnafræðilegra áhrifa og/eða eitrunar, þ.m.t. vegna sýkla og veira, eða þegar afleiðingar slyss verða meiri vegna framangreindra atriða.

30. Váttryggingarfjárhæð

- 30.1 Hámarks váttryggingarfjárhæðir fara eftir kjarasamningi Samtaka atvinnulífsins og Starfsgreinasambands Íslands vegna verkamanna við byggingarvinnu eins og hann er á hverjum tíma.

- 30.2 Sé váttryggður 70 ára eða eldri verða váttryggingarfjárhæðir eftirtaldir hundraðshlutar af hámarks váttryggingarfjárhæðum:

Á 71. ári.....	95%
Á 72. ári.....	90%
Á 73. ári.....	85%
Á 74. ári.....	80%
Á 75. ári.....	75%
Á 76. ári.....	70%
Á 77. ári.....	65%
Á 78. ári.....	60%

- 30.3 Félagið váttryggir ekki börn yngri en 16 ára gegn tímabundnum missi starfsorku og ekki fyrir hærri dánarbótum en sem nemur venjulegum útfararkostnaði.

31. Ákvörðun bóta

- 31.1 Dánarbætur

- 31.1.1 Látist váttryggður vegna afleiðinga slyss innan þriggja ára frá slysdegi greiðast dánarbætur, að frádregnum bótum fyrir varanlega örorku sem félagið kann að hafa greitt honum vegna sama slyss.

- 31.1.2 Dánarbætur greiðast því aðeins að slysið sé bein og eina orsök að andláti þess sem váttryggður er. Ef sjúkdómur, veiklun eða sjúklegt ástand þess sem váttryggður er eru meðorsakir dauða hans greiðast engar dánarbætur. Þetta gildir hvort sem ástand þetta var til staðar þegar slysið varð eða skapaðist síðar, án þess þó að vera beinlínis og einungis afleiðing af slysi sem váttryggingin nær til.

- 31.1.3 Félagið á rétt á því að hinn látni verði krufinn til þess að leidd verði í ljós dánarorsök og annað sem máli gæti skipt um bótaábyrgð félagsins.

- 31.1.4 Um rétt til dánarbóta fer samkvæmt kjarasamningi Samtaka atvinnulífsins og Starfsgreinasambands Íslands.

- 31.2 Bætur vegna varanlegrar læknisfræðilegrar örorku

- 31.2.1 Valdi slys váttryggðum varanlegri læknisfræðilegri örorku innan þriggja ára frá því slysið varð greiðast örorkubætur á grundvelli þeirrar upphæðar sem var í gildi á slysdegi.

- 31.2.2 Örorkuna skal meta í hundraðshlutum samkvæmt töflum Örorkunefndar um miskastig, sem eru í gildi þegar örorkumat fer fram. Við ákvörðun örorku ber ekki að taka tillit til starfs, sérstakra hæfileika né þjóðfélagsstöðu. Slys sem eingöngu valda lýti skal ekki meta til örorku. Ef líkur eru til að ástand váttryggðs megi bæta með skurðaðgerðum eða öðrum slíkum aðgerðum ber að taka tillit til hugsanlegs bata, sem slíkar aðgerðir kynnu að hafa í för með sér. Sé áverka hins slasaða ekki getið í töflum Örorkunefndar um miskastig skal meta hann



- sérstaklega með hliðsjón af töflunum. Örorkan getur aldrei talist meiri en 100%. Örorkubætur greiðast í hlutfalli við vátryggingarfjárhæðina samkvæmt fyrirmælum í kjarasamningi.
- 31.2.3 Ef missir útlíma, sjónar eða heyrnar er ekki alger bætist örorka hlutfallslega. Ef útlímir eru algerlega ónothæfir telst það missir þeirra. Ef þeir eru að einhverju leyti nothæfir reiknast örorka hlutfallslega.
- 31.2.4 Missir eða bækluð á útlím eða líffæri sem var ónothæft fyrir slysið gefur ekki rétt til bóta vegna varanlegrar læknisfræðilegrar örorku. Missir eða bækluð á útlím eða líffæri sem áður var bæklað skal metið til örorku með hliðsjón af bækluðinni fyrir slysið.
- 31.2.5 Örorkan skal að jafnaði metin einu ári eftir slysið, annars þegar læknir telur að varanlegar afleiðingar slyssins hafi komið í ljós, en þó ekki síðar en þremur árum eftir slysdag.
- 31.2.6 Ef vátryggður andast áður en varanleg örorka er metin greiðast engar örorkubætur.
- 31.2.7 Leiði slys til varanlegrar læknisfræðilegrar örorku skulu félagið og vátryggður koma sér saman um einn hæfan matslækni til þess að meta afleiðingar slyssins.
- 31.3 Bætur fyrir tímabundinn missi starfsorku
- 31.3.1 Valdi slys vátryggðum tímabundnum missi starfsorku greiðir félagið dagpeninga. Dagpeningar greiðast í hlutfalli við starfsorkumissinn frá lokum biðtíma og svo lengi sem vátryggður er óvinnufær að mati lækni, eða þar til örorkumat hefur farið fram. Dagpeningar greiðast þó hvorki lengur en í þann hámarksbótatíma er kemur fram í vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun né fyrir tímabilið að loknum þremur árum frá slysdegi.
- 31.3.2 Með biðtíma er átt við það tímabil sem samkvæmt vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun á að líða frá slysdegi, þar til dagpeningagreiðslur hefjast. Fyrir þetta tímabil eru ekki greiddir dagpeningar.
- 31.3.3 Félagið tekur ákvörðun um greiðslu dagpeninga á grundvelli læknisvottorða og annarra gagna sem fyrir liggja.
- 31.3.4 Stafir starfsorkumissir slasaða að einhverju leyti af öðrum orsökum en slysinu lækka dagpeningar í beinu hlutfalli við það hvern þátt þessar orsakir eiga í missi starfsorkunnar.
- 31.4 Bætur vegna tannbrots
- 31.4.1 Félagið greiðir viðgerðir á heilbrigðum og vel viðgerðum tönnum sem brotna eða laskast við slys.
- 31.4.2 Greiðsla félagsins takmarkast við 5% af grunnvátryggingarfjárhæð örorku vegna hvers slyss og samanlagðar greiðslur vegna slysa á hverju vátryggingatímabili við 7,5% af sömu fjárhæð.
- 31.4.3 Félagið bætir þó ekki tennur sem brotna við vinnuslys, sbr. lög um almannatryggingar, eða tennur sem brotna þegar vátryggður matast.
- 31.5 Félaginu er heimilt að láta ráðgefandi lækni skoða vátryggðan.
- 31.6 Félaginu er heimilt að afla sér upplýsinga um fyrra heilsufar vátryggðs að fengnu samþykki hans.
- 32. Greiðsla iðgjalds**
- 32.1 Iðgjald fyrir vátrygginguna fellur í gjalddaga þegar greiðsla þess er krafist.
- 32.2 Vanskil á greiðslu iðgjalds geta valdið réttindamissi og niðurfellingu vátryggingarsamnings, sbr. 96. gr. laga um vátryggingar-samninga nr. 30/2004.
- 33. Endurgreiðsla iðgjalds**
- Falli vátryggingarsamningur úr gildi áður en vátryggingartímabili lýkur endurgreiðir félagið iðgjald í hlutfalli við þann tíma sem vátryggður hefur greitt fyrir og vátryggingin er ekki í gildi.
- 34. Fyrning**
- Krafa um bætur fyrnist á 4 árum. Fresturinn hefst við lok þess almanaksárs þegar sá er kröfuna á fékk nauðsynlegar upplýsingar um þau atvik sem krafa hans er reist á. Krafan fyrnist þó í síðasta lagi á 10 árum eftir lok þess almanaksárs sem vátryggingaratburður varð.
- Vátryggingarskilmálar þessir gilda frá 1. janúar 2006.